



Auka-aðalfundur Leiðsagnar – félags leiðsögumanna og almennur félagsfundur í kjölfarið

8. desember 2022, Stórhöfða 29, kl. 17:00

Fundargerð

Fundurinn var í senn staðfundur og fjarfundur þar sem unnt var að fylgjast með og taka þátt í gegnum Zoom.

Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar, setti fund kl. 17:10 og gerði grein fyrir formi fundarins, sem áður hafði komið skýrt fram í boðun fundarins til félagsmanna. Fundurinn yrði í upphafi auka-aðalfundur sem tæki á einu máli, upphæð aðildargjalds, en yrði svo slitið. Í framhaldinu tæki við almennur félagsfundur með kynningu á framgangi kjaraviðræðna og vinnu við raunfærnimat. Friðrik fór einnig yfir fyrirkomulag fundarins með tilliti til notkunar Zoom og atkvæðagreiðslu.

1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna fundarins

Friðrik bar undir samþykki fundarins að Halldór Oddsson, lögmaður ASÍ, yrði skipaður fundarstjóri og var það samþykkt. Síðan að Harpa Björnsdóttir yrði ritari fundarins og var það einnig samþykkt. Að því loknu tók Halldór við stjórn fundarins og bar upp þá spurningu hvort fundarfólk hefði einhverjar athugasemdir við boðun fundarins og lögmæti hans. Svo reyndist ekki vera, en ein athugasemd kom fram vegna tímasetningar fundarins, álitid æskilegra að hann væri haldinn síðar að deginum vegna vinnutíma leiðsögumanna. Var þessu næst gengið til auglýstrar dagskrár.

2. Upphæð aðildargjalds

Friðrik formaður mælti fyrir hönd stjórnar fyrir tillögu um að aðildargjaldið yrði óbreytt frá fyrri árum, þ.e. 9.000 kr. Í aðildargjaldinu felst þjónusta skrifstofu, rafræn skilríki, ókeypis þátttaka í skyndihjálparnámskeiðum, afsláttarkjör o.fl. Það eina sem það felur ekki í sér er atkvæðisréttur um kjarasamninga.

Til stóð að kosið yrði rafrænt um upphæð gjaldsins milli kl. 17:15 og 17:30, en það kom fram gagnrýni á það fyrirkomulag, eins og rakið er hér að neðan, og var fallið frá því kosningaformi.

Fyrst kom fram athugasemd frá Jakobi S. Jónssyni sem gagnrýnir að opnað hafi verið fyrir kosningu en ekki boðið upp á neina umræðu um málefnið áður en kosning færi fram, eins og fundarsköp kveða á um. Tillöguna taldi hann líka stangast á við lög félagsins og vill að fundarstjóri lýsi því yfir að henni sé vísað frá. Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður segir þetta algerlega í samræmi við lög félagsins og les upp samþykktu lagagrein frá síðasta

aðalfundi 26.4. 2022 þar sem kemur fram að kjósa beri um aðildargjaldið á aðalfundi, en rifjar upp að vegna tímaskorts á aðalfundinum hefði ekki náðst að afgreiða þetta eina málefni, og þess vegna boðað til auka-aðalfundar núna til að málið afgreiðist fyrir áramótin og hægt sé að innheimta aðildargjaldið í byrjun árs.

Einnig kom fram athugasemd frá Sigurði Albert Ármannssyni um nauðsyn þess að leyfa umræður um málefnið, en þakkaði Snorra fyrir að útskýra að þetta á sér fulla stoð í lögunum. Spyr hann hversu stórt hlutfall þetta aðildargjald sé af tekjum félagsins. Formaður og varaformaður útskýra að skv. lagabreytingunni sé þetta gjald nú lagt á alla félag, en áður hafi eingöngu félagar í Fagdeildinni greitt það. Snorri les upp upphæðir úr síðasta ársreikningi til útskýringar.

Umræða um að undanfarin ár hefur fagdeildargjaldið vegið þungt í ársreikningum og hélt félaginu að vissu leyti á floti í gegnum Covid-19 faraldurinn, þegar félagssjóðurinn stóð tæpt. Með lagabreytingum á síðasta aðalfundi lagðist Fagdeildin af í því formi sem hún hafði verið áður, án þess að umræða færi fram um það meðal féлага Fagdeildarinnar, það var eingöngu stjórn hennar sem tók þessa ákvörðun og með samþykkt lagabreytinganna þeir félagsmenn sem samþykktu þær. Að vissu leyti óleyst mál hvernig stöðu faglærðra verður varið innan félagsins í framhaldinu. Rætt um hvort ekki væri tilefni til að faglærðir leiðsögumenn stofnuðu að nýju faghóp innan félagsins og stungið upp á að málefni þeirra verði tekið upp á aðalfundi í vor eða á sérstökum félagsfundi, og e.t.v. líka ástæða til að hvetja aðra sérhópa til hins sama. Fundarstjóri bendir á að umræða þetta málefni eigi e.t.v. betur heima á öðrum fundi og nú sé komið að afgreiðslu fyrirbyggjandi tillagna.

Þar sem fallið var frá rafrænni kosningu fer kosning nú fram á fundinum og í gegnum fjarfundabúnað með hefðbundnum hætti.

Þá er fyrst tekin fyrir frávísunartillaga Jakobs, en hann segir nýja lagagrein hafa farið fram hjá sér og þakkar útskýringar stjórnarmanna, en stendur samt við tillögu sína. Fundarstjóri ber hana upp til atkvæðis og er hún felld.

Þá er tekin fyrir tillaga stjórnar um að aðildargjald skuli vera 9.000 kr fyrir árið 2023 og borin undir atkvæði. Tillagan er samþykkt mótatkvæðalaust.

Fundarstjóri býður upp á umræður undir liðnum önnur mál, en ekkert málefni kemur fram. Formaður þakkar málefnalega umræðu og Halldóri fyrir að stýra þessum fundi af röggsemi og eins fyrir margvíslega aðstoð sem lögmenn ASÍ hafa veitt stjórn í stórum sem smáum verkefnum, jafnvel nú þegar mikil vinna hvíli á þeim í erfiðum kjaraviðræðum í Karphúsinu.

Auka-aðalfundi slitið kl. 17:54. Halldór Oddsson víkur af fundi.

Almennur félagsfundur

Eftir stutt kaffihlé hefst almennur félagssfundur kl. 18.01. Fundarstjóri er Friðrik formaður.

Formaður útskýrir að þessi félagsfundur sé fyrst og fremst til upplýsingar og málefnið sem verði tekin fyrir séu:

- 1. Af gangi kjaraviðræðna**
- 2. Raunfærnimat**
- 3. Önnur mál**

1. Af gangi kjaraviðræðna

Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður og formaður Kjaranefndar gerir grein fyrir starfi Kjaranefndar og Viðræðunefndar. Mikill undirbúningur hefur farið fram í Viðræðunefnd, kallað hefur verið eftir tillögum frá félagsmönnum, bæði í tölvupóstum, á heimasíðu og samfélagsmiðlum, og eins á sérstökum félagsfundi sem var haldinn um kjaramál 14.9.2022, og hafa margar góðar tillögur borist frá félagsmönnum sem hafa ratað inn í kröfugerðina. M.a. um slysa- og veikindarétt sem í dag miðast við dagvinnustundir en ekki unna dagvinnu og mikið hefur verið rætt um að bæta við álagi á ýmsa vinnuþætti. En fyrst og fremst að einfalda samninginn, skýra orðalag hans miklu betur svo ekki rísi álitamál sem túlka má á fleiri en einn veg. Launaliðurinn er svo alltaf erfiðasti hlutinn í þessum viðræðum, laun leiðsögumanna hafa staðið í stað og starfið þróast í láglaunastarf og því áriðandi að fara fram á góða launaleiðréttingu. Nýta þarf betur launaflokkana svo þeir endurspegli menntun og reynslu, m.a. með tilliti til starfsaldurs, óeðlilegt að aðeins séu 4 launaflokkar og raunveruleikinn sá að flestallir fá greitt skv. þeim efsta án tillits til starfsaldurs eða menntunar.

Það kom ákveðið babb í bátinn þegar ASÍ-þingið í byrjun október leystist upp og stóru félögin gengu ekki samstíga til samninga. Nú er SGS búið að semja um krónutöluhækkun, VR með aðrar kröfur og Efling með enn aðrar. Ekki kemur að okkur fyrr en búið er að semja við stóru félögin og er Snorri ekki bjartsýnn á að það takist fyrir áramótin. Fer mikið eftir því hvernig VR og Efling semja hvernig þetta þróast, en nokkuð ljóst að allt stefni í skammtímasamning.

Umræða um ýmis atriði sem þyrfti e.t.v. að skoða betur, m.a. norðurljósaferðir þar sem leiðsögumaður er stundum krafinn um viðveru eftir að starfi hans er í raun lokið, þyrfti að auka stundafjöldann sem greitt er fyrir. Ökuleiðsögumenn eru í tvöföldu hlutverki, bent á að skv. lögum er ökumaðurinn bundinn af ákvæðum um hvíldartíma en leiðsögumaðurinn ekki. Snorri biður fundarmenn um að senda sér tillögur sínar.

Friðrik formaður segir mikla vinnu hafa farið í að reyna að skýra betur samninginn svo hægt sé að vísa í hann í sem flestum ráðningum, en einstaklingar eigi oft erfitt með að semja einir og sér og þekkja ekki alltaf rétt sinn. Sum ferðaþjónustufyrirtækin eru jafnvel ekki heldur vel að sér um kjarasamningana. Nefnir hann hugmyndir sem hann hefur heyrt af hjá sumum fyrirtækjum um að greiða ekki ökuleiðsögumönnum 50% álag eftir að komið er á hótél eða þeir ekki í akstri. Eins séu dæmi um að fyrirtæki séu að tengja þjóf fé leiðsögumanna við launagreiðslur, lækka laun þeirra út frá því. Þjóf fé komi ráðningasamningi og kjarasamningi ekkert við. Rætt einnig um að einhver fyrirtæki dæmi frammistöðu leiðsögumanna til umbunar eftir þeim umsögnum sem þeir fá á Trip-advisor.

Í lokin á þessari umræðu ítrekar formaður að Viðræðunefndin hafi undanfarið unnið að og sé enn að undirbúa sig sem allra best undir samningagerðina og þarf að vera viðbúin alls konar viðbárum frá mótaðilanum. En hann er bjartsýnn á að það gangi vel að sækja fram um leið og viðræður hrökkva í gang, því staða ferðaþjónustunnar er góð og mikill skortur á leiðsögumönnum, þess vegna ætti að vera hægt að hífa launin talsvert upp. Í sambandi við launaflokkana nefnir Guðný Margrét Emilsdóttir hættuna á því að leiðsögumenn með mestu reynsluna, og þá hæstu launin, gætu lent í því að fá síður ráðningu en þeir óreyndari. Snorri minnir á að hér áður fyrr voru 8 launaflokkar og var þeim fækkað til að forðast þetta vandamál, en nú er allt önnur staða, meiri krafa um gæði og fleiri fyrirtæki vilji ráða reynda leiðsögumenn. Nefnir 2% orlof vegna reynslu og að allt bendi til þess að nú sé vilji hjá félagsmönnum að fjölga launaflokkunum aftur og að launin endurspegli menntun og reynslu.

2. Af raunfærnimati

Harpa Björnsdóttir ritari stjórnar gerir grein fyrir þeirri vinnu sem hefur farið fram til að undirbúa framkvæmd raunfærnimats. Það hefur verið í umræðunni lengi en einhvern veginn ekki komist upp úr ákveðnum hjólförum, en undanfarið ár verið í gangi áttak á vegum stjórnar til að koma því á flót. Samstarf hefur verið tekið upp við Iðuna sem hefur langa reynslu af gerð raunfærnimats í ýmsum starfsgreinum. Unnið hefur verið í undirbúnings- eða stýrihópi þar sem sitja fulltrúar Iðunnar, fulltrúar Leiðsagnar og eins hefur verið haft samband við Leiðsöguskólann og EHÍ. Sjónum hefur verið beint að námsskrám skólanna, sem eru mjög ólíkar, en best væri ef einhvers samræmis gætti þar og ætti að miða við Evrópustaðalinn. Gæti það líka nýst öðrum skólum sem bjóða nú þegar eða vilja bjóða upp á leiðsögunám. Mesta reynslan býr hjá Leiðsöguskólanum, þar hefur verið boðið upp á leiðsögunám frá árinu 1976, en hjá EHÍ frá árinu 2008. Því er ekki óeðlilegt að Leiðsöguskólinn ríði á vaðið með raunfærnimat. Þar fer núna fram endurskoðun á námskrá skólans sem ætti að ljúka í vetur og vonir eru bundnar við að kennt verði eftir nýrri námskrá frá og með hausti 2023. Þá ætti líka að vera hægt að vinna útfærslu raunfærnimats samhliða og einnig að taka upp raunfærnimat á sama tíma, þ.e. haustið 2023.

3. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál.

Friðrik formaður þakkaði fyrir góðan fund og sagði fundi slitið kl. 18:48